



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2013
Tilv.: MMR13030088/0.4.3-

360. mál

Vísað er til tölvupósta yðar til mennta- og menningarráðuneytisins dags. 8. mars og 22. mars þar sem óskað var upplýsinga um meðferð og framkvæmd þriggja ályktana Alþingis frá 2011 vegna skýrslugerðar. Hinar þrjár ályktanir sem spurt var um eru Þingsályktun 4/135 um varðveislu Hólavallagarðs, 26. febrúar 2008 – þskj. 700, Þingsályktun 5/135 um gerð námsefnis fyrir unglunga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi, 15. maí 2008 – þskj. 1056 og Þingsályktun 21/135 um skáksetur helgað afrekum Bobbys Fischers og Friðriks Ólafssonar, 30. maí 2008 – þskj. 1295.

Þingsályktun 4/135 um varðveislu Hólavallagarðs

Í Þingsályktuninni um Hólavallagarð var umhverfisráðherra falið að skipa nefnd til að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim umhverfis- og menningarsögulegu verðmætum sem fylgin eru í kirkjugarðinum sem um ræðir. Nefndin skyldi skipuð fulltrúum umhverfisráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og samgönguráðuneytis ásamt fulltrúum frá Þjóðminjasafni Íslands, Fornleifavernd ríkisins, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis og Reykjavíkurborg. Hvergi var minnst á mennta- og menningarmálaráðherra sem fer þó með yfirstjórn þjóðminjavörslu skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001.

Fornleifavernd lét gera skýrslu um Hólavallagarð sem kom út haustið 2006. Þar er lýsing á öllum 7465 minningarmörkum í garðinum og þau flokkuð með tilliti til menningarsögulegs mikilvægis. Samkvæmt nýjum lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru minningarmörk í kirkjugörðum á ábyrgð hinnar nýstofnuðu Minjastofnunar Íslands. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis hafa einnig verið mjög meðvitaðir um þau menningarsögulegu og grasafræðilegu minjar sem í garðinum felast og skipuðu árið 1998 þróunarnefnd sem stýður varðveislu hans og sér um breytingar og viðgerðir í garðinum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti taldi því ekki neina yfirvofandi hættu á ferð hvað varðar verndun og varðveislu Hólavallakirkjugarðs og taldi ekki að skipun sérstakrar nefndar bætti þar nokkru um. Því hefur ráðuneytið ekki formlega fylgt eftir Þingsályktuninni t.d. með stofnun nefndar.

Þingsályktun 5/135 um gerð námsefnis fyrir unglunga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum og mannréttindi

Í bréfi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis dags. 26. júní 2008 og aftur í greinargerð um framkvæmd Þingsályktana frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dags. 13. janúar 2012 kemur eftirfarandi fram er varðar ályktunina: Ekki er ljóst af ályktuninni við hvaða skólastig er átt. Jafnrétti mun verða einn af þeim grunnþáttum sem lögð verður


áhersla á í námskrám fyrir öll skólastig sem unnið er að í ráðuneytinu. Hið sama gildir um mannréttindi. Skólar og kennarar á Íslandi hafa sjálfðæmi um hvaða kennslufni þeir nýta við kennslu og ekki er heimilt að skylda þá til að kenna tiltekið námsefni. Ráðuneytið telur æskilegast að leitast sé við að kynna kjör kvenna á norðurslóðum og mannréttindi fyrir unglingum í gegnum almenna námskrá. Í framhaldi af ofangreindum viðbrögðum hefur ekki verið ráðist í gerð námsefnis fyrir unglinga um ólík kjör og hlutskipti kvenna á norðurslóðum.

Þingsályktun 21/135 um skáksetur helgað afrekum Bobby Fischers og Friðriks Ólafsson

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp til að fylgja þingsályktunartillögunni eftir. Starfshópurinn skilaði ítarlegri greinargerð í apríl 2011 með hugmyndum um uppbyggingu skákseturs. Starfshópurinn mat það svo að betur þyrfti að skilgreina skipulag og staðsetningu skákseturs í samræmi við það hlutverk sem því var ætlað. Óskað var eftir frekari upplýsingum og tillögu frá Skáksambandi Íslands um kostnað við hugmyndir starfshópsins en engin svör hafa borist. Því metur ráðuneytið það svo að áhugi á þessu virðist ekki vera fyrir hendi.

Fyrir hönd ráðherra


Ásta Magnúsdóttir


Guðný Helgadóttir